

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Hafnarfjarðarkaupstað.

Breyting á deiliskipulagi Suðurhafnar vegna Flensborgarhafnar.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti bæjarstjórn Hafnarfjarðar á fundi sínum 15. janúar sl. breytingu á deiliskipulagi Suðurhafnar vegna Flensborgarhafnar. Breytingin felst í að gert er ráð fyrir nýrri uppbyggingu á svæðinu fyrir verslun, þjónustu og íbúðarbyggð. Gert er ráð fyrir að Siglingaklúbburinn, Íshúsið og Fornubúðir 8-12 verði áfram á sínum stað. Ný gata, Flensborgarstræti, liggur í gegnum svæðið.

Málsmeðferð var skv. 1. mgr. 43. gr. ofangreindra laga.

Uppdráttur ásamt greinargerð og skipulagsskilmálum hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Hafnarfjörði, 7. mars 2025.

F.h. skipulagsfulltrúa,

Anna Margrét Tómasdóttir verkefnastjóri.

B-deild – Útgáfudagur: 21. mars 2025